

Ed.

136. Breytingartillögur

[66. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975.

Frá samgöngunefnd.

1. Aftan við 2. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:
Við skiptingu fjárveitinga til þjóðbrauta á milli kjördæma skal hafa hliðsjón af ástandi þeirra, notkun og lengd í hverju kjördæmi.
2. Á eftir 6. gr. komi ný grein, sem verði 7. gr. og orðist svo:
26. gr. laganna orðist þannig:
Í kaupúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu $\frac{3}{4}$ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.
3. Á eftir 7. gr. (sem verður 8. gr.) komi ný grein, sem verði 9. gr. og orðist svo:
Aftan við 37. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:
Skylt er að leita samráðs við vegamálastjóra áður en framkvæmdir eru hafnar við lagningu einkavega utan landareigna lögbýla.